

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

### *53. fundur.*

að Hlíðavegi 6, 12. febrúar 2009, kl. 13:30.

#### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Þriggja ára fjárhagsáætlun, síðari umræða.
3. Aðalskipulagsbreyting við Kröflu, var frestað á fundi 29.01.
4. Álagningareglur fasteigna- og þjónustugjalda 2009.
5. Fyrirtækjalisti v/sorphirðu 2009.
6. Samningur um búfjárefirlit.
7. Ákvörðun sveitarstjórnar v/grenndarkynningar að Birkihrauni 5 og 7.
8. Bankareikningur v/félags eldri borgara.

Til kynningar.

Fundargerð stjórnar Eypings dags. 16. janúar.

Fundargerð stjórnar Sambands ísl. Sveitarfélaga dags. 23. janúar.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson,  
Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

**1. Fundarsetning.**

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 6 og 7 yrði bætt á dagskránnu. Samþykkt samhljóða.

**2. Þriggja ára fjárhagsáætlun, síðari umræða.**

Fjárhagsáætlun til þriggja ára rædd og samþykkt. Þar sem gert er ráð fyrir halla á rekstri samstæðunnar fyrir árin 2011 og 2012, er sveitarstjóra falið að skrifa eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga bréf þar sem fram kemur hvernig hallanum skuli mætt.

**3. Aðalskipulagsbreyting við Kröflu, var frestað á fundi 29.01.**

Fyrir fundinum liggur tillaga að aðalskipulagsbreytingu við Kröflu. Eftir töluverðar umræður er ljóst að gera þarf nokkrar breytingar á tillögunni. Sveitarstjóra falið að koma þeim á framfæri við landslagsarkitektinn.

**4. Álagningareglur fasteigna- og þjónustugjalda 2009.**

Oddviti gerði eftirfarandi tillögu um fasteigna- og þjónustugjöld fyrir árið 2009. ásamt afsláttarreglum.

*Álagningarreglur fasteigna- og þjónustugjalda 2009.*

- a) Fasteignaskattur samkvæmt a-lið 3. greinar laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingum. 0,625% af fasteignamati.
- b) Fasteignaskattur samkvæmt b-lið 3. greinar sömu laga, 1,32% af fasteignamati.
- c) Fasteignaskattur samkvæmt c-lið 3. greinar sömu laga, 1,65% af fasteignamati.
- d) Vatnsgjald, 0,15% af fasteignamati.
- e) Holræsagjald, 0,225% af fasteignamati.
- f) Lóðaleiga, kr. 7,00 á m<sup>2</sup>.

Gjalddagar ofangreindra gjalda umfram kr. 10.000- verði 8, sá fyrsti 1. mars. 2009. Gjalddagi gjalda undir kr. 10.000- verði 1. maí.

Verði fasteignagjöld að fullu greidd fyrir eindaga fyrstu greiðslu sem er 31. mars 2009, verður veittur 3,5% staðgreiðsluafsláttur. Þeir sem vilja nýta sér afsláttinn, vinsamlega hafi samband við skrifstofu hreppsins.

Fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði, sem eigandi býr í, skal felldur niður/lækkaður hjá elli- og örorkulífeyrisþegum samkv. eftirfarandi reglum:

**100% lækkun:**

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að kr. 2.240.000-  
Hjón með (peninga) tekjur allt að kr. 3.140.000-

**80% lækkun:**

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að kr. 2.240.000- til kr. 2.580.000-  
Hjón með (peninga) tekjur allt að kr. 3.140.000- til kr. 3.500.000-

**50% lækkun:**

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að kr. 2.580.000- til kr. 3.000.000-  
Hjón með (peninga) tekjur allt að kr. 3.500.000- til kr. 4.180.000-

Áður en niðurfelling eða lækkun á sér stað, þarf að koma fram umsókn þar um, ásamt **staðfestu afriti af skattaframtali 2009** og berist skrifstofu Skútustaðahrepps að Hlíðavegi 6, þegar að framtali loknu.

**Sorphirðugjöld:**

- A.) Íbúðir  
Sorphirðugjald kr. 20.200- á íbúð
- B.) Fyrirtæki.  
Sorphirðugjald er samkvæmt eftirfarandi flokkun.

Flokkur	a) kr.	20.200-
	b) kr.	55.500-
	c) kr.	101.200-
	d) kr.	185.700-
	e) kr.	362.200-
	f) kr.	549.200-

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra.

Ákveðið hefur verið að innheimta heilbrigðisefirlits- og umhverfisgjöld af fyrirtækjum vegna gjaldaársins 2009, sem heimilt er samkv. lögum.

**Greiðsluseðlar verða sendir mánaðarlega.**

Samþykkt samhljóða. Gjaldskrárhlutunum vísað til síðari umræðu.

## 5. Fyrirtækjalisti v/sorphirðu 2009.

Frestað til næsta fundar.

## 6. Samningur um búfjárefirlit.

Eftirfarandi er samningur á milli BSSÞ annarsvegar og Búfjárefirlitsnefndar Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps hins vegar um framkvæmd búfjárefirlits.



**Búnaðarsamband Suður-Þingeyinga annarsvegar og Búfjárefirlitsnefnd Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps hinsvegar gera með sér svofelldan samning:**

1. Búnaðarsamband Suður-Þingeyinga tekur að sér að sjá um framkvæmd búfjárefirlits í þessum sveitarfélögum í samræmi við ákvæði laga um búfjárhald o.fl. nr. 105/ 2002 og reglugerð nr 743 / 2002.
2. Fyrir það eftirlit, sem ekki fellur undir gjaldtökuheimildir samkvæmt lögum nr. 105/ 2002 og reglugerð nr 743/ 2002 greiði sveitarfélögin 705.000 kr. án virðisaukaskatts og skiptist kostnaðurinn milli þeirra í réttu hlutfalli við þann fjölda búfjáreigenda í hvoru sveitarfélagi, sem skýrsla er gerð fyrir. Greiðsla skal innt af hendi að hálfu í júnímánuði og að hálfu í desembermánuði ár hvert.
3. Fyrir eftirlit er fellur undir gjaldtökuheimildir greiðist sem hér segir:  
Skýrslublöð sótt heim til búfjáreiganda. Fast gjald kr. 6.200.- án vsk.  
Sérstakar eftirlitsferðir sbr. 12. gr. laga nr. 105/2002 eða vegna ábendinga um vanhirðu o.fl. þegar tveir eftirlitsmenn fara saman. Fast gjald kr. 10.000.-  
Fyrir sérstaka eftirlitsferðir eins eftirlitsmanns. Fast gjald kr. 6.200.-  
Fyrir vinnu samkvæmt 4. mgr. 10.gr laga nr. 105/2002. Kr. 2.650.- á unninn klukkutíma. Akstur kr. 61.- án vsk á ekinn km. Ofan á allar upphæðir í liðum 2 og 3 leggst virðisaukaskattur.
4. Búfjárefirlitsmenn skulu senda viðkomandi sveitarstjórn afrit af skýrslum þar sem gerðar eru athugasemdir við reglubundið búfjárefirlit. Einnig skulu búfjárefirlitsmenn útfylla sérstakt eyðublað (sjá fskj.1) við eftirlitsferðir sem falla undir gjaldtökuheimildir og skal afriti af þeim eyðublaðum skilað til sveitarstjórna svo fljótt sem auðið er.  
Sveitarfélögunum er ekki skylt að greiða fyrir þær eftirlitsferðir samkvæmt lið 3, þar sem þetta eyðublað fylgir ekki.
5. Samningur þessi tekur gildi 31.1. 2009. Segi hvorugur samningsaðilinn honum upp fyrir 31. janúar ár hvert framlengist hann sjálfkrafa til jafnlengdar á næsta ári. Samningsaðilar skuldbinda sig til að taka verðlagsákvæði samningsins til endurskoðunar fyrir 31. janúar ár hvert.

Staður, dags..

*f.h.BSSÞ.*

*f.h Þingeyjarsveitar.*

*f.h. Skútustaðahrepps*

Sveitarstjórn samþykkir samninginn og vísar gjaldskrárhauta hans til síðari umræðu.

**7. Ákvörðun sveitarstjórnar v/ grenndarkynningar að Birkihrauni 5 og 7.**

Á aukafundi sveitarstjórnar 2. febrúar s.l. frestaði sveitarstjórn að taka ákvörðum um lok máls vegna óska um leyfi til reksturs gistingar að Birkihrauni 5 og 7.

Sveitarstjórn samþykkir að fara að tillögu sveitarstjóra sem fram kom á nefndum fundi þ.e. að gefa fyrir sitt leyti leyfi til handa Sigfúsi Haraldi Bóassyni til reksturs gistingar að Birkihrauni 5 og 7, leyfið verði til eins árs og með þeim skilyrðum að vel verði frá merkingum gengið og bílastæði tryggð. Að ári liðnu verður málið endurskoðað með tilliti til reynslunnar.

**8. Bankareikningur v/félags eldri borgara.**

Á árunum 2004 og 2005 barst Félagi eldri borgara styrkur frá Félagsmálaráðuneytinu sem ætlaður var til kaupa á húsnæði undir starfsemi félagsins. Peningarnir voru greiddir inná reikning í vörslu Skútustaðahrepps. Það er nokkuð ljóst að ekki er raunhæft að ætla að fjármunir þessir verði nýttir eins og til var stofnað.

Sveitarstjórn samþykkir að afhenda Félagi eldri borgara bankareikninginn þeim til frjálstra afnota.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið.  
Margrét Hólm Valsdóttir,  
Ingunn Guðbjörnsdóttir,  
Kristján Stefánsson,  
Dagbjört Bjarnadóttir,  
Böðvar Pétusson.